

# Þorlákur Sverrisson og Kötlumyndir hans

Eiríkur Þ. Einarsson

Lindasmára 37, 201 Kópavogi

eirikur@eirikur.is; <https://doi.org/10.33799/jokull2021.71.091>

Afi minn, Þorlákur Sverrisson var fæddur í Klauf í Meðallandi 3. apríl 1875. Hann lést í Vestmannaeyjum 9. ágúst 1943. Þorlákur var kvæntur Sigríði Jónsdóttur í Skálmarbæ í Álftaveri og bjuggu þau þar frá 1902 til 1911, en þá fluttu þau til Víkur í Mýrdal og bjuggu þar til ársins 1925. Börn Sigríðar og Þorláks voru Sigríður Guðrún, f. 13. apríl 1902, Óskar Jón, f. 5. nóvember 1906 og Guðrún f. 20. september 1920 en hún var móðir mín. Þau eru nú öll látin.

Veturinn 1913–1914 dvaldi Þorlákur í Reykjavík og nam ljósmyndafræði hjá Magnúsi Ólafssyni, ljósmyndara. Stundaði hann myndatökur um skeið í Vík. Eftir að hann flutti til Vestmannaeyja hætti hann fljótlega myndatökum.

Árið 1915 hóf Þorlákur verzlunarrekstur í Vík í Mýrdal. Fékk hann þá svonefnt borgarabréf. Er það undirritað og útgefið af þáverandi sýslumanni, Sigurjóni Markússyni. Hefst það með svofelldum orðum: „Sigurjón Markússon, sýslumaður í Skaftafellssýslu kunngjörir: Mér hefur tjáð Þorlákur Sverrisson, tómt húsmáður í Vík í Hvammshreppi, að hann óski eftir að fá heimild og réttindi til þess að reka verzlun á kaup-túninu í Vík í Vestur-Skaftafellssýslu“. Fyrir þetta borgarabréf greiddi Þorlákur kr. 50, og er það útgefið hinn 1. desember 1915. Þar með hófst verzlunarrekstur Þorláks, sem fluttist síðan til Vestmannaeyja. Frá verzlunarárum hans í Vík eru varðveittar ýmsar bækur, sem eru gagnlegar heimildir um verzlun og viðskipti á þeim tíma, bæði hvað snertir vöruúrval, vöruheiti, framleiðendur og seljendur, og ekki hvað sízt um verðlag á þessum árum. Skal þess getið, að á árum fyrra stríðs, 1914–1918, vildu Bretar hafa eftirlit með viðskiptum landsmanna, þ.e. að sjá um, að vörur, sem gætu nýtt andstæðingnum, lentu ekki í hans höndum, og varð Þorlákur að skuldbinda sig varðandi

viss atriði til ríkisstjórnar Hans Hátignar, Bretakonungs (Einar H. Eiríksson, munnlegar upplýsingar).



Þorlákur Sverrisson

Þorlákur Sverrisson og fjölskylda bjó fyrst á Stóru Heiði í Eyjum eða þangað til Þorlákur keypti Hof, sem var sýslumannssetur í Eyjum, tvílyft timburhús byggt 1907 og meðfylgjandi tún. Hann stundaði lítilsháttar búskap þar og hélt hesta, a.m.k. eina kú og nokkrar kindur. Hofstúnið lá meðfram Urðarvegi og náði rétt austur fyrir þurrkhúsið. Hofstúnið var selt um árið 1957 og voru þar byggðir svonefndir verkamanna-bústaðir, fjögur þrjúbýlishús hús eftir sömu teikningu.